

ÞJÓÐARPÚLS GALLUP


Desember 2024

Alþingiskosningar

Flestir sáttir með úrslitin

Flestir eru sáttir með úrslit nýafstaðinna alþingiskosninga, eða 55% landsmanna á meðan rúmlega 27% eru ósátt með þau.


Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) ertu með úrslit alþingiskosninganna?



■ Að öllu leyti sátt(ur) ■ MJög sátt(ur) ■ Frekar sátt(ur) ■ Hvorki né ■ Frekar ósátt(ur) ■ MJög ósátt(ur) ■ Að öllu leyti ósátt(ur)

Konur eru almennt sáttari við úrslit kosninganna en karlar og fólk yfir fimmtugu almennt sáttara en yngra fólk. Fólk undir þrítugu er líklegra en eldra fólk til að taka afstöðu til spurningarinnar og segjast annað hvort sátt eða ósátt. Almennt er fólk í lægri tekjuhópum ánægðara með úrslit kosninganna en fólk í hærri tekjuhópum. Eins og búast má við eru þau sem kusu þá þrjá flokka sem eiga nú í stjórnarmyndunarviðræðum ánægðara með úrslit kosninganna en þau sem kusu aðra flokka.

Greiningar




* Marktækur munur

Flestir vilja ríkisstjórn Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins

Aðspurðir hvaða flokkar, þrír eða fleiri, landsmenn vildu að mynduðu nýja ríkisstjórn nefndu flestir þá þrjá flokka sem eiga nú í stjórnarmyndunarviðræðum; Samfylkinguna, Viðreisn og Flokk fólksins, eða ríflega fjórir af hverjum tíu. Rúmlega 14% vildu að Sjálfstæðisflokkurinn, Viðreisn og Miðflokkurinn mynduðu stjórn og nær 12% Samfylkingin, Viðreisn og Framsóknarflokkurinn.

Hvaða flokkar, þrír eða fleiri, myndir þú vilja að mynduðu nýja ríkisstjórn?



Karlar eru líklegri en konur til að vilja stjórn Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Miðflokks, og fólk með hæstar fjölskyldutekjur er líklegra til þess en fólk með lægri tekjur. Konur eru líklegri en karlar til að vilja stjórn Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins og fólk með lægri fjölskyldutekjur eru líklegra til þess en fólk með hærri tekjur. Konur eru einning líklegri en karlar til að vilja stjórn Samfylkingar, Viðreisnar og Framsóknarflokks en fólk með hærri fjölskyldutekjur er líklegra til þess en fólk með lægri tekjur.

Greiningar	SCF	DCM	SCB	SDC	DFM	DMB	Önnur samsetning
Heild	42%	14%	12%	5%	4%	4%	18%
Kyn *							
Karlar	40%	19%	9%	6%	4%	6%	16%
Konur	45%	8%	15%	5%	4%	2%	21%
Fjölskyldutekjur *							
Lægri en 800 þúsund	55%	6%	10%	1%	7%	6%	14%
800 til 1.249 þúsund	50%	16%	7%	5%	3%	0%	19%
1.250 til 1.749 þúsund	32%	12%	15%	10%	1%	3%	26%
1.750 þúsund eða meira	32%	28%	17%	6%	2%	2%	13%
Menntun *							
Grunnskólapróf	44%	15%	4%	2%	8%	8%	20%
Framhaldsskólapróf	37%	16%	13%	7%	3%	3%	22%
Háskólapróf	47%	13%	17%	6%	2%	1%	14%
Hvað kaust þú? *							
Framsóknarflokkinn (B)	26%	2%	29%	1%	0%	2%	40%
Viðreisn (C)	53%	6%	12%	16%	0%	0%	13%
Sjálfstæðisflokkinn (D)	1%	51%	1%	12%	5%	13%	17%
Flokk fólksins (F)	53%	0%	0%	0%	16%	0%	30%
Sósíalístaflokk Íslands (J)	99%	0%	0%	0%	0%	0%	1%
Miðflokkinn (M)	4%	41%	0%	0%	17%	6%	32%
Pírata (P)	58%	0%	33%	0%	0%	9%	0%
Samfylkinguna (S)	74%	0%	17%	3%	0%	0%	5%
Vinstri græn (V)	42%	0%	43%	0%	0%	0%	15%

* Marktækur munur

Spurt var:

- Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) ertu með úrslit alþingiskosninganna?
- Hvaða flokkar, þír eða fleiri, myndir þú vilja að mynduðu nýja ríkisstjórn?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 5. til 12. desember 2024. Heildarúrtaksstærð var 1.726 og þátttökhlutfall var 47,9%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason.